

**Nd.**

**23. Frumvarp til laga**

**[23. mál]**

um breyting á lögum nr. 33 1. febr. 1936, um Ferðaskrifstofu ríkisins.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson.

**1. gr.**

1. gr. laganna breytist þannig:

- a. Niður falli orðin „og hefur hún ein rétt til þess að starfrækja ferðaskrifstofu fyrir erlenda menn“.
- b. Í stað orðanna „Heimilt er þó“ komi: Heimilt er.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Samhljóða frumvarp var flutt á þingi í fyrra, en náði þá ekki afgreiðslu.

Tilgangur frumvarpsins er að fella niður einkarétt Ferðaskrifstofu ríkisins til að reka ferðaskrifstofu fyrir erlenda menn. Einkaréttur þessi var veittur fyrir 25 árum og þá miðaður við allt aðrar aðstæður en þær, sem nú eru. Að dómi margra þeirra, sem bezt þekkja til, er hann nú orðinn þröskuldur í vegi þess, að nægilega sé unnið að því að greiða fyrir ferðalögum útlendinga hingað. Ferðaskrifstofa ríkisins getur líka eftir sem áður unnið að þessari starfsemi, þótt fleiri aðilar geri það einnig. Auk þess hefur hún mörgum öðrum mikilvægum verkefnum að sinna. Hér er því ekki verið að takmarka neitt verkahring hennar, heldur aðeins stuðlað að því, að fleiri aðilar geti látið til sín taka og unnið að því að greiða fyrir ferðalögum útlendinga hingað.

Allar þjóðir keppa nú að því að greiða fyrir ferðalögum útlendinga, enda eru þau víðast vaxandi tekjulind. Íslendingar mega ekki láta hlut sinn liggja eftir í þessum efnum. Eins og nú er komið, mun það tryggja beztan árangur á þessu sviði að veita öllum þeim, sem hafa áhuga og getu, tækifæri til þess að vinna sem frjálsgast að þessum málum, en hefta ekki framtak þeirra með úreltum hömlum.